# 7. bekkur námskrár

| **Samfélagsfræði – Evrópa** |
| --- |
| **Tímabil:** Skólaárið 2023-24 |
| Námsmarkmið:<br>Að auka vitund nemenda um umhverfi, samfélag og menningu. Leiðin að þessu marki er að þjálfa nemendur í að átta sig á tenglsum fólks og umhverfis í gegnum ýmsa þætti eins og áhrif menningar, efnahag, stjórnmál og félagslega þætti. Þá þurfa nemendur að fast við ýmis konar gögn og temja sér að setja niðurstöður sínar skilmerkilega fram. |
| Námsþættir:<br>• Landakort og áttir<br>• Náttúra s.s landslag, loftslag og gróður.<br>• Atvinnuhættir: landbúnaður, sjávarútvegur, þjónusta og iðnaður.<br>• Auðlindir, orka, umhverfismál og samgöngur.<br>• Ólíkar þjóðir: ólík tungumál, trúarbrögð og stjórnarfar<br>• Landsvæði í Evrópu.<br><br>Kennsluaðferðir:<br>Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, jafningjafræðsla og þemavinna. |
| Námsefni/kennslugögn:<br>Evrópa lesbók og vinnubók. Efni frá kennara. |
| Námsmat:<br>Áhugi, metnaður, vinnusemi og vinnubrögð. Leiðsagnarmat og símat. |

| Náttúrufræði |
| --- |
| **Tímabil:** Skólaárið 2023-24 |
| **Námsmarkmið:**<br>Að nemendur fái tækifæri til að byggja upp orðaforða sinn á hinu nýja sviði, þjálfast í notkun hans og beita honum. Til að efla læsi er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að afla upplýsinga og vinna með þær. |
| **Námsþættir:**<br>• Hafsjór: landslag og selta<br>• Ströndin: mismunandi fjörur, aðstæður, gróður, fiskar, fjörudýr, þang, selir, fuglar, eyjar, sker, fuglabjörg og mengun<br>• Landgrunn og úthöf: hafið, straumur,sjávarhiti, hafís, þörungar, dýrasvif, hryggleysingjar, fiskar, hvalir, veiðar, eldgos og jarðhiti.<br>• Eðlisfræði: sameindir, frumeindir, magn, massi, ólík efni, ólík hegðun, varmi, rafmagn, orka<br><br>**Kennsluaðferðir:**<br>Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, jafningjafræðsla og þemavinna. |
| **Námsefni/kennslugögn:**<br>Lífríki í sjó og Auðvitað heimili ásamt öðru efni frá kennara. |
| **Námsmat:**<br>Áhugi, metnaður, vinnusemi og vinnubrögð. Hóp- og einstaklingsverkefni. |

| Lífsleikni |
|---|
| **Tímabil:** Skólaárið 2023-24 |
| Námsmarkmið:<br>Unnið verður eftir uppbyggingarstefnu skólans, Uppeldi til ábyrgðar og Hugarfrelsi. Farið verður í ýmsar áskoranir daglegs lífs s.s.s samskipti, hegðun og framkomu. Nemendur efla ábyrgð sína og færni í samskiptum. |
| Námsþættir:<br>**Haldið verður áfram með Óskaveröldina:**<br>• Sjálfsskoðun og styrkleikavinna.<br>• Ábyrgð netnotkun.<br>• Kynfræðsla<br>• Reykjaskóli<br>• Umræður og vinna tengd einelti<br>• Vinir og vinátta<br>• Geðheilbrigði<br>• Fjölskyldan og ólík fjölskyldumynstur<br><br>Kennsluaðferðir:<br>Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, leikir og bekkjarfundir. Umræður og gagnrýnin hugsun höfð að leiðarljósi. |
| Námsefni/kennslugögn:<br>• Efni af veraldarvefnum t.d. www.uppbygging.is<br>• Verkfærakistan – Uppeldi til ábyrgðar<br>• Verkfærakistan eftir Vöndu Sigurgeirsdóttur<br>• Hugarfrelsi-kennsluleiðbeiningar<br>• Ertu? Vinnubók í lífsleikni, valin verkefni<br>• Annað efni frá kennurum. |
| Námsmat:<br>Áhugi, metnaður, vinnusemi og vinnubrögð. Lokaafurð vetrarins verður bókin, Óskaveröldin sem unnin er af nemendum. |

| Íslenska |
|---|
| **Tímabil:** Skólaárið 2023-24 |
| **Námsmarkmið:**<br>Að nemendur dýpki og efli skilning sinn á þeim námsþáttum sem unnið verður með. |
| **Námsþættir:**<br>• Lestur: lesskilningur, leshraði og framsögn<br>• Málfræði: Nafnorð, sagnorð, lýsingarorð<br>• Stafsetning: stór/lítill stafur, einfaldur/tvöfaldur samhljóði, ng/nk reglan, n/nn, hv/kv reglan, y, ý og ey, greinamerki.<br>• Ritun: textauppbygging og samhengi í texta<br>• Orðtök, málshættir og rím<br>• Upplestrakeppni<br><br>**Kennsluaðferðir:**<br>Paralestur, gagnvirkur lestur, innlagnir, umræður, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna og upplýsingaleit. |
| **Námsefni/kennslugögn:**<br>Orðspor 3 lesbók og vinnubók, Málrækt 3, kjörbækur (Vítahringur og Leyndarmál ljónsins), efni af netinu og verkefni frá kennurum. |
| **Námsmat:**<br>Lesfimi-hraðlestrarpróf, Orðarún-lesskilningspróf og Aston Index-stafsetningarpróf. Verkefni frá kennara, vinnusemi, ástundun, vinnubrögð, leiðsagnarmat og símat. |

| Enska |
| --- |
| **Tímabil:** Skólaárið 2023-24 |
| **Námsmarkmið:**<br>Að nemendur bæti við orðaforða sinn með lestri og hlustun á ólíkum textum sem tengjast ákveðnum þemum. Bæti við sig stafsetningar- og málfræðireglum, æfi sig í að tala ensku og auka færni sína í ritun á ensku um ákveðið efni. |
| **Námsþættir:**<br>• Spádómar<br>• Lífsstíll<br>• Glæpir og dularfullir atburðir<br>• Samskipti<br>• Frægð<br>• Ferðalög og menning<br>• Önnur verkefni<br><br>**Kennsluaðferðir:**<br>Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, jafningjafræðsla og þemavinna og hlustunaræfingar. |
| **Námsefni/kennslugögn:**<br>Yes we can 6 lestrarbók og vinnubók.Efni af netinu. Efni frá kennara. |
| **Námsmat:**<br>Áhugi, metnaður, vinnusemi og vinnubrögð. Leiðsagnarmat og símat. |

Danska

**Tímabil:** Skólaárið 2023-24

**Námsmarkmið:**
Að nemendur tileinki sér grunnorðaforða í dönsku. Að þau öðlist skilning á einföldu talmáli, geti borið fram einstök orð og einfaldar setningar og læri að skrifa einfaldar málsgreinar. Þori að tjá sig og prófi sig áfram í nýju tungumáli og geti beitt málinu á mismunandi hátt og við mismunandi aðstæður.

**Námsþættir:**

- Hlustun
- Munnlegar æfingar
- Lestur
- Ritun
- Orðaforði

**Kennsluaðferðir:**
Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna og hlustunaræfingar.

**Námsefni/kennslugögn:**

- Start nemenda- og verkefnabók
- Hlustunaræfingar
- Efni af netinu
- Efni frá kennara

**Námsmat:**
Áhugi, metnaður, vinnusemi og vinnubrögð. Leiðsagnarmat og símat.

| Stærðfræði |
| --- |
| **Tímabil:** Skólaárið 2023-24 |
| **Námsmarkmið:**<br>Að nemendur dýpki og efli skilning sinn á þeim námsþáttum sem unnið verður með. Að verkefni séu að fjölbreyttum toga. Ánægja nemenda í stærðfræðinámi felst í leik með tölur og form, í að skilja stærðfræðileg tengsl og að geta leyst allskyns verkefni, þrautir eða vandamál. |
| **Námsþættir:**<br>• Tölur<br>• Tölfræði<br>• Margföldun og deiling<br>• Rúmfræði<br>• Mælingar<br>• Almenn brot og prósentur<br>• Reikningur<br>• Mynstur og algebra<br><br>**Kennsluaðferðir:**<br>Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna. |
| **Námsefni/kennslugögn:**<br>Stika 3a og 3b, nemendur- og verkefnabækur. Efni af netinu og verkefni frá kennurum. |
| **Námsmat:**<br>Kaflapróf, vinnusemi, vinnubrögð, leiðsagnarmat og símat. |